

Náttúruverndarstofnun

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 31. mars 2025
202503-0138/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Selfosslína 1, breyting við Ljósafossstöð, Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að Selfosslína 1 er 66 kV háspennulína sem liggur í dag frá Ljósafossstöð að Selfossi. Hluti línunnar næst Ljósafossstöð hefur nú þegar verið lagður í jörðu þar sem hann liggur meðfram Þingvallavegi á um 2 km kafla, en þaðan liggur raflínan sem loftlína að tengivirkinu á Selfossi (sjá mynd 3.1).

Líkt og áður sagði felst framkvæmdin í endurnýjun á línunni að hluta. Um er að ræða lagningu jarðstrengs á um 2 km leið, frá Írafossstöð að mastri 8 í núverandi landlínu. Sá hluti loftlínunnar sem jarðstrengurinn leysir af hólmi verður rifinn. Núverandi jarðstrengur verður aflagður en ekki liggja fyrir áform að svo stöddu um að fjarlægja strenginn nema þann hluta sem er innan lóða og verður það gert í samráði við landeiganda. Í töflu 3.1 eru settar fram helstu stærðir tengdar framkvæmdinni.

Staðsetning

Náttúruverndarstofnun bendir á að eins og kemur fram í greinargerð þá nær framkvæmdin til nokkurra verndarsvæða, mikilvægs fuglasvæðis, svæðis á náttúruminjaskrá, vistgerða með hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt Bernarsamningnum, hverfisverndun og búsvæða fugla sem eru ábyrgðartegundir og eru á valista.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að Alviðra og Sog (nr. 747) er ekki á C-hluta, heldur er svæðið á náttúruminjaskrár yfir aðrar náttúruminjar: „Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með

Náttúruverndarstofnun

eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Prastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði".¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminajskrár og hefur það verið tilnefnt vegna þess að það er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima (varp og viðkomustaður á haustin). Einnig húsönd og gulönd á veturnum.²

Í greinargerð kemur fram að vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar er notað sem grunn gagn og ekki hefur verið gerð úttekt á gróðri né fuglalífi (búsvæðapéttleiki, hörfun o.s.frv.) á svæðinu. Því nokkur óvissa um áhrif framkvæmdanna. Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin líklega valda tímabundnu raski á verndargildi svæðisins á meðan framkvæmdir eru í gangi.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð er vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar notað sem grunn gagn um staðsetningu vistgerða á framkvæmdarsvæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að nákvæmni kortsins miðast við mælikvarða 1:25.000 og við gerð vistgerðakorts voru landvistgerðir að mestu leyti aðgreindar með fjarkönnun. Því er nákvæmni kortsins ekki mikil.

Almennt hefur Náttúruverndarstofnun lagt til og bent á þann möguleika að framkvæmda og deiliskipulagsskipulagssvæði svæðið séu kortlögð og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða. Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

² <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.³

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ⁴ og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Búsvæði fugla og varptími

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Tengsl við aðrar áætlanir

Landsskipulagsstefna kafli 6.3 (bls.29)

Þar sem að framkvæmdin nær til fjölmargra verndarsvæða þarf að mati Náttúruverndarstofnunar að fjall um verndarákvæði Landsskipulagsstefnu í greinargerðinni og er því umfjöllun um stefnuna ófullnægjandi að mati stofnunarinnar.

aðalskipulag Kafli 6.5. (bls.30)

Sama á við kafla 6.5 þar sem að framkvæmdin nær til fjölmargra verndarsvæða þarf að mati Náttúruverndarstofnunar að fjall um verndarákvæði aðalskipulags í greinargerðinni og er því umfjöllun um stefnuna ófullnægjandi að mati stofnunarinnar.

Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Náttúruverndarstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

³ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

⁴ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sveinn Kári Valdimarsson

sérfræðingur